

# Álfhólsskóli

## Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ		Tilfni fundar	
		Skólaráð	
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
15.nóvember	(08:10 – 10:30)	Skólastjórnaskrifstofa, Hjalla	2
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Erla	Sigrún B.	2
Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Hanna Rut Heimisdóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Gerður Tómasdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Karl Einarsson, Liv Bárðardóttir, Guðgeir Ingi Stefánsson, Ágústa M. Jónsdóttir, Andrea Þórey Sigurðardóttir og Stefán Hjörleifsson.			
Mættir voru: Allir boðaðir nema Liv Bárðardóttir, Guðgeir Ingi Stefánsson og Ágústa M. Jónsdóttir			
Málefni			
Dagskrá:			
1. Læsi			
a. Þjóðarsáttmáli um læsi			
b. Læsisstefna Kópavogs			
c. Læsisstefna Álfhólsskóla			
2. Starfsáætlun Álfhóls			
3. Kynningarmyndbönd frá umboðsmanni barna			
4. Forfallakennsla			
5. Kvíði barna og unglinga			
6. Spjaldtölvur			
7. Önnur mál			

Málefni	Niðurstaða
1. Starfsáætlun	<p>Hanna forstöðumaður dægradvalar fór yfir starfsáætlun dægradvalar, verkferla, dagskrá, skipulag og þau markmið og hugmyndafræði sem liggja að baki. Vonin er sú að með starfsáætlun sé faglegt starf dægradvalar sýnilegt og markvisst.</p> <p>Rætt um samstarf við íþróttafélögin, gengur misvel, rútuskipulagið raskar í sumum tilfellum starfi og skipulagi í dægradvöl. Rútur eru einnig oft sem veldur miklu álagi á starfsfólk og skapar í sumum tilfellum hættu fyrir börnin þar sem rúturnar keyra ekki upp að skólanum. Lagt til að skrá komu rútanna til þess að hafa í höndunum í viðræðum við félögin, upplýsa foreldrafélagið sem fer með málið í samkóp.</p> <p>Rætt um að koma á fót foreldraráði í Álfhól til þess að fá sýn foreldra á starfið. Lagt til að umræðan sé tekin í foreldrafélaginu.</p> <p>Rætt um áætlun varðandi þjálfun nýs starfsfólks, bæklinga og annað. Brýnt að koma þessu á fót. Starfsmenn séu meðvitaðir um almenn atriði varðandi umönnun barna, t.d. Klæðnað í köldu veðri o.þ.h.</p> <p>Rætt hvernig má gera klúbbstarfið meira aðlaðandi fyrir nemendur, sem og dægradvölinu sjálfa. Vantar afþreyingu eftir skola fyrir 4.-7.bekk</p>

# Álfhólsskóli

<p>2. Læsi</p>	<p>Farið í gegnum þjóðarsáttmála um læsi og áhyggjur af því að lesskilningur fer versnandi. Lestrarnám er á ábyrgð allra, skólans og heimilanna.</p> <p>Fulltrúar leikskóla, grunnskóla og foreldra tóku þátt í stefnumótun varðandi læsisstefnu Kópavogs.</p> <p>Í Álfhólsskóla hefur verið unnið samkvæmt læsisstefnu skólans síðan árið 2015. Skipt upp í læsishópa í 1.- 6.bekk þar sem unnið er með ólíka þætti á ólíkan hátt eftir þörfum. Búið að kynna þetta vel fyrir kennurum, næsta skref að kynna vel fyrir foreldrum. Unnið er að framkvæmdaráætlun sem verður aðgengileg foreldrum og nemendum. Halda kynningarfund eftir áramót.</p> <p>Menntamálastofnun hefur gefið út lestrarpróf fyrir alla árganga skólans þrisvar á ári. Skólinn tekur þátt í þessu, allir fóru í próf nema 9.bekkur sem fór í LOGOS greiningu. Í kjölfarið var sett af stað áttak í lestri fyrir þau börn sem þurftu á því að halda.</p> <p>Heimalestur í öllum árgöngum. Yndislestur á unglíngastigi þar sem unnið er með bækurnar sérstaklega í skólanum.</p> <p>Hvetja foreldra til að ræða lesturinn við börnin, innihaldið, orðaforðann og söguna. Áhersla á samræðulestur.</p> <p>Spurning um að fara meira á bókasafn Kópavogs. Mánaðarlegar ferðir á bókasafnið ?</p>
<p>3. Kynningar-myndbönd umboðsmanns barna</p>	<p>Sýnt myndbönd um skólaráð og nemendafélagið. Góðar kynningar fyrir nemendur og foreldra um þessi félög/ráð. Mörg góð myndbönd á síðu umboðsmanns.</p>
<p>4. Forfallakennara</p> <p>5. Kvíði barna og unglínga</p> <p>6. Spjaldtölvur</p> <p>7. Önnur mál</p>	<p>Ekkert fellt niður á yngsta og miðstigi. Kennarar á unglíngastigi séu með aðgengileg verkefni sem hægt er að nálgast ef það verða forföll t.d. á Google Classroom og Mentor.</p> <p>Aukinn kvíði hjá börnum. Áhrif spjaldtölva og samskiptamiðla á líðan og sjálfsmynd. Rætt um átaksverkefni og líðan í núverandi 7.bekk. Áhrif neikvæðra umræða og fjölmiðla. Misskipting í þjóðfélaginu. Rætt um núvitund og slökun og ávinning hennar. Byrja daginn á hreyfingu?</p> <p>Umræðunni frestað.</p> <p>Nemendur ræddu um sundrútu. Gott að hafa nesti í síðustu frímínúttunum á mánuðögum, langir dagar hjá unglíngastiginu. Vantar bréf á borðin í matsal - er ein rúlla hjá Konna, sem nemendum finnst óþægilegt. Hafði verið sett til hliðar vegna lélegrar umgengni.</p> <p>Nemendur myndi vilja fá sprittstauka í almennu rými, t.d. Matsal</p> <p>Nemendur upplifa að þeir séu undir kennurum og stjórnendum, upplifa ekki jafnræði. Finnst það helst birtast í matnum, og áherslu á að efla heilbrigði. Nemendur voru þá upplýstir um að maturinn sem nemendur og kennarar fá sé sá sami. Þeim finnst samt sem áður maturinn ekki vera nógu gæðalegur, t.d. fiskurinn, súpunar. Taka upp umræðuna hve mikill peningur af matarkostnaði fer í matinn í foreldrafélaginu. Fyrst og fremst er þessi upplifun varðandi mat sem boðið er upp á fundum.</p> <p>Taka umræðuna á deildarfundum hjá yngsta stigi varðandi nesti, ávaxta og grænmetis nestið. Sveigjanleiki mikilvægur.</p> <p>Næsti fundur 8.des. Þá er stefnt á að ræða niðurstöður samræmdra prófa, aðgerðaráætlun mat á skólastarfi ef hún verður tilbúin, spjaldtölvur og önnur mál. Fundirnir eru orðnir full langir, spurning um að hafa þá oft og styttri.</p>